



Aðalfundur

Aðalfundur Stéttarfélags bókasafns- og upplýsingafræðinga (SBU) árið 2021 fór fram rafrænt á Zoom þann 16. apríl frá kl. 12:00 á hádegi

Fundarstjóri: Gauti Skúlason

Fundarritari: Hjalti Einarsson

Fundarsstjóri staðfestir lögmæti fundarins og að til hans hafi verið löglega boðað.

1. Skýrsla stjórnar

Formaður SBU fer yfir starfsár félagsins 2020.

2. Reikningar félagsins

Gjaldkeri SBU kynnir ársreikning félagsins.

Aðalfundur samþykkir ársreikning félagsins samhljóða

3. Lagabreytingar

Stjórn félagsins leggur til eftirfarandi breytingu á 4. gr. laga félagsins (breytingar eru skáletraðar).

4. gr.

Aðalfundur hefur æðsta vald í málum félagsins. Hann skal halda í mars eða apríl ár hvert.

Aðalfundur skal boða öllum félagsmönnum með 14 daga fyrirvara. Aðalfundur er löglegur ef löglega er til hans boðað.



Stjórn getur ákveðið að aðalfundur fari fram rafrænt í fjárfundi eða sem bæði stað- og fjárfundur og skal þess þá getið í fundarboði. Ef aðalfundur er haldinn að einhverju leyti sem fjárfundur, fara atkvæðagreiðslur og samþykktir á þeim fundi fram rafrænt.

Á aðalfundi skulu eftirfarandi mál tekin fyrir:

1. skýrsla stjórnar
2. reikningar félagsins
3. lagabreytingar
4. fjárhagsáætlun fyrir næsta ár og ákvörðun um félagsgjöld og önnur gjöld
5. kosning stjórnar sbr. 5.gr.
6. kosning tveggja skoðunarmanna reikninga
7. kosning í nefndir og til annarra trúnaðarstarfa innan félagsins

Niðurstaða: Aðalfundur kýs með og samþykkir framangreinda lagabreytingu samhljóða sem og lög félagsins í heild sinni.

4. Fjárhagsáætlun (rekstraráætlun) fyrir næsta ár, ákvörðun um félagsgjöld og önnur gjöld.

Aðalfundur hreyfir ekki við athugasemdum við framlagðri rekstraráætlun.

5. Kosning stjórnarmanna sbr. 5.gr.

Eftirfarandi aðilar gáfu kost á sér til setu í neðangreind embætti stjórnar SBU Í

Formaður til tveggja ára

- Kristjana Mjöll Jónsdóttir Hjörvar

Tvö sæti stjórnarmanna til tveggja ára

- Sveinn Ólafsson



- Ragna Björk Kristjánsdóttir

Eitt sæti varamanns til tveggja ára

- Hallfríður Kristjánsdóttir

Ekki var þörf á kosningu í embætti og teljast allir frambjóðendur sjálfkjörnir.

6. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga.

Engin gaf kost á sér í stöðu skoðunarmanns reikninga. Stjórn félagsins mun því skipa í stöðuna.

7. Kosning í nefndir og til annarra trúnaðarstarfa innan félagsins.

Ekki er kosið um nefndarsetu eða önnur trúnaðarstörf innan félagsins

7. Önnur mál.

Eitt annað mál var tekið fyrir á aðalfundi félagsins.

Sara Stef. Hildardóttir viðraði áhyggjur sínar af stöðu stéttar bókasafns og upplýsingafræðinga á íslenskum vinnumarkaði og kallaði eftir opinni umræðu um stöðu hennar og velti upp þeirri spurningu hvort að SBU væri réttur vettvangur fyrir þær umfjöllun og aðgerðir gagnvart þeim áskorunum sem stéttin stendur frammi fyrir.



Þrír stjórnarmenn kváðu sér hljóðs og töldu að SBU væri réttur vettvangur fyrir slíka umræðu og að félagið ætti að beita sér fyrir hag stéttarinnar.

Nokkrir fundarmenn kváðu sér hljóðs þegar rætt var um mikilvægi þess að stofnaður yrði vinnuhópur utan um stöðu og starfsöryggi stéttarinnar sem hefði það hlutverk að bæta hag stéttarinnar og treysta stöðu hennar á íslenskum vinnumarkaði. formaður upplýsingar lýsti yfir áhuga á samstarfi SBU og upplýsingar um frekari vinnu í þessa átt.

Engin önnur mál

Fundarstjóri afhendir formanni stjórn aðalfundar

Fundi slitið 12.54